



Menningar-, Íþróttá- og tómstundaráð

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík**

Á fundi borgarstjórnar þann 3. maí 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar velferðarráðs og menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Reykjavíkurborg bjóði íbúum yfir 65 ára að taka þátt í markvissri heilsueflingu. Velferðarsvið í samráði við öldungaráð Reykjavíkurborgar fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmdin skuli vera í samstarfi við íþróttafélögin í borginni eða sjálfstætt starfandi fagaðila.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Heilsuefling eldri íbúa er tímanna tákni. Heilsuefling 65 ára og eldri snýst ekki aðeins um styrktaræfingarnar sjálfar heldur einnig að fræða og efla einstaklingana í því að vera meðvitaðir um eigin heilsu og vita hverju þeir eigi að fylgjast með. Hvetja til umræðu. Heilsuefling eykur lífsgæði þessa hóps, er þáttur í að gera fólki kleyft að búa sem lengst heima hjá sér og fyrirbyggjandi gegn ýmsum lífstílstengdum sjúkdómum. Bætt heilsa eldri íbúa skiptir ekki einungis gríðarlega miklu máli fyrir einstaklingana sjálfa og aðstandendur þeirra heldur er hún líka vegna forvarnargildis síns þjóðhagslega hagkvæm. Samkvæmt mannsþjöldaspá Hagstofunnar er fyrirsjáanlegt að hlutfall eldri íbúa í Reykjavík mun fara vaxandi á næstu árum. Gangi spáin um breytingar á aldurssamsetningu mannfjöldans eftir mun hlutfall íbúa yfir 65 ára verða yfir 20% árið 2037 og yfir 25% árið 2064. Hlutfallið er nú um 14%. Þá mun meðalævilengd karla og kvenna (við fæðingu) fara hækkandi. Niðurstaða starfshóps heilbrigðisráðuneytisins frá janúar 2021 um heilsueflingu eldri borgara er að leggja þurfi aukin kraft í heilsueflingu aldraðra og er framtíðarsýnin sú að ríki og sveitarfélög sjái til þess að unnið sé markvisst að heilsueflingu aldraðra.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Samrit:  
Velferðarráð  
Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins